

Molta ehf
Pveráreyrum 1a
601 Akureyri

19. ágúst 2025
UOS2501614/H.M.V.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 15. maí 2025 – ID 422

Þann 15. maí sl. fór fram reglubundið eftirlit í Molta ehf. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin eldri frávik voru opin þegar eftirlit fór fram og engar ábendingar voru lagðar fram.

Eitt frávik kom fram er varðar:

Gr. 4.1. í starfsleyfi. Skil á skráningum vegna innra eftirlits voru ófullnægjandi, vantaði inn skráningar á einstökum töluliðum við skil ársyfirlits. **Rekstraraðili hefur brugðist við og skilað inn þeim skráningum sem upp á vantaði eftir eftirlit, frávikinu hefur því verið lokað.**

Virðingarfyllst,

Halla Margrét Viðarsdóttir
sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir
teymisstjóri